

3. fundur húsnæðisnefndar Langanesbyggðar.
Haldinn þriðjudaginn 30. desember 2010 kl. 15:30 á skrifstofu
Langanesbyggðar.

Mæt voru : Guðjón Gamalíelsson, Steinunn Guðnadóttir, María Guðmundsdóttir og Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundagerð á tölvu.

DAGSKRÁ:

1. Leiguíbúð.

Dvalar -og hjúkrunarheimilið Naust sækir hér með um Pálmholt 5 fyrir hjúkrunarfræðing sem tekur til starfa í janúar 2011. Mikil umræða fór fram um málið, hvort auglýsa þyrfti íbúðina eða ekki. Telur nefndin að þar sem brýn nauðsyn sé fyrir sveitarfélagið að nýta íbúðina í sína þágu þá verði hún ekki auglýst. Samþykkt samhljóða að leigja Nausti íbúðina.

2. Önnur mál.

Nefndin ætlar að stefna að því að útbúa úthlutunarreglur fyrir húsnæðisnefnd sem lagðar verða fyrir sveitastjórn.

Fundagerðin upplesin og samþykkt
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:23

*Steinunn Guðnadóttir
Maria Guðmund
Guðjón Gamalíelsson
Gunnólfur Lárusson*